

Alþingi
Erindi nr. P 127/1810
komudagur 12.7.2002



IÐNAÐAR - OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Amarhvoli 150 Reykjavík
sími: 560 9070 bréfasími: 562 1289
netfang: postur@ivr.stjr.is
veffang: <http://www.stjr.is/ivr>

Reykjavík, 18. mars 2002
Tilvísun : IVR02020088/10.203/GOG

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags 19. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um vistvænt eldsneyti á Íslandi.

Á vetnisráðstefnu sem haldinn var 2. mars 2001, tilkynnti ráðherra að verið væri að setja á stofn starfshóp til að vinna að heildstæðri úttekt á orkumálum samgangna hér á landi. Megintilgangur með þessari vinnu er að stjórnvöld fái yfirsýn yfir stöðu og framvindu í orkumálum samgangna í náinni framtíð og móti stefnu í þeim efnum til framtíðar. Skipunarbréf þeirra er sitja í þessari nefnd hafa verið send viðkomandi aðilum og fyrsti fundur hennar er ráðagerður síðar í þessum mánuði. Nefndina skipa fulltrúar frá iðnaðarráðuneyti, samgönuráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, umhverfissráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Jafnframt mun sérstakur starfshópur á vegum ráðuneytanna vinna að einstökum verkefnum, en sú vinna hefur enn ekki verið mótuð. Ráðuneytið telur að hér sé um að ræða afar brýnt og áhugavert málefni og hlutverk nefndar sem skipa á samkvæmt umræddri þingsályktun gæti vel fallið undir hlutverk nefndar ráðuneytanna sem nú hefur verið skipuð. Því er lagt til að í umræddri þingsályktun verði óskað eftir að nefnd ráðuneytanna verði falið það hlutverk að skila áfangaskýrslu fyrir árslok 2002 þar sem staða þessa máls er metin og gerð grein fyrir því á hvern hátt mótuð verði stefna um notkun á vistvænu eldsneyti á Íslandi í náinni framtíð.

F.h.r.